

Ábyrgðarmaður: Valdís Vífilisdóttir
Ritstjóri: G.Dagbjört Guðmundsdóttir
Þýðing: Auður Magnús Leiknisdóttir og G.Dagbjört Guðmundsdóttir
Prófarkalestur: Auður Magnús Leiknisdóttir, G.Dagbjört Guðmundsdóttir, Halla Sigurjónsdóttir, Sigrún Karlsdóttir, Valdís Vífilisdóttir
Uppskriftir og hönnun: SandnesGarn og Ingibjörg Jónasdóttir

Umbrot: Róbert Einarsson
Prentun: Oddi umhverfsvottuð prentsmiðja 
Pökkun: Bjarkarás

Kæru prjónavinir,

Okkur er það sérstök ánægja að kynna til sögunnar þrettánda tölublað Ungbarnablaðsins Tinna.

Í blaðinu eru ýmsar uppskriftir fyrir smáfólkið úr mjúka garninu Lanett, sem er 100% Merino ull, Sisu sem er 80% ull/20%nylon, Mandarin Petit sem er 100% bómull og að lokum Alpakka ull sem er mýksta ullin okkar. Samkvæmt framleiðanda má þvo allar þessar tegundir á ullarþrógrami í þvottavél en viðkvæma ull eins og Lanett og Alpakka er ráðlegt að handþvo.


Í blaðinu eru nokkrar uppskriftir af barnateppum, þar á meðal fallega teppi eftir Ingibjörgu Jónasdóttur prjónakonu.

Sem fyrr hvetjum við ykkur til að prófa fleiri liti en gefnir eru upp í uppskriftahlutanum, Tinna er með mikið úrval lita og mikla breidd í garni, prjónum og smávörum.

Tinna hefur hafið sölu á hlýjum og mjúkum ullarnærfötum úr blöndu af merinoull og silki, upplagt fyrir smáfólkið í vetur.

Hljýjar prjónakveðjur,

Valdís Vífilisdóttir



Teppin eru úr tvöföldum þræði af Lanett

TINNA
HEILDSALA

Nýbýlavegur 30
Pósthólf 576
201 Kópavogur
tinna@tinna.is • www.tinna.is
Sími 565 4610 • Fax: 565 4611

Öll ljósritun og önnur dreifing á efni blaðsins er bönnuð án leyfis útgefenda. Brot varða við höfundalög.

lykkjur), 1 lykkju í hverja slétta rönd og u.þ.b. 1 lykkju í aðra hverja umf. meðfram perluprjónaða partinum (= u.þ.b. (13) 15 (18) lykkjur), 1 lykkju milli hvers garðs (= u.þ.b. (27) 29 (30) lykkjur), prjónið að lokum lykkjurnar 10 sem fitjaðar voru upp sl. = u.þ.b. (99) 108 (115) lykkjur á prjóninum. Prjónið 5 umf. sl. á réttu og röngu.

Fellið af.

Kantur að aftan:

Prjónið upp 10 l. á hringprjón nr. 2,5 með fram styttra bandinu. Prjónið upp 1 lykkju á milli hvers garðs, 1 lykkju á hverja slétta rönd og 1 lykkju í 2. hverja umf. meðfram perluprjónaða partinum. Athugið: Þegar prjónaðar hafa verið upp 2 lykkjur á perluprjónaða hlutanum er fyrri lykkjunni steipt yfir þá seinni, prjónið 2 l., endurtakið úrtökuna þannig að húfan dregst svolítið saman að aftan. Prjónið nú upp 1 lykkju milli hvers garðs og endið á að prjóna upp (20) 23 (25) lykkjur meðfram lengra bandinu. prjónið 5 umf. sl. á réttu og röngu fram og til baka.

Fellið af.

Saumið hneslu í enda langa bandsins og festið tölu á styttra bandið.

Vettlingar

Fitjið upp (40) 42 (44) lykkjur á hringprjóna nr. 2,5 og prjónið 5 sm. stroff 1 sl. 1 br. Skiptið yfir á hringprjón nr. 3 og prjónið garðaprjón fram og til baka. Prjónið þar til vettlingurinn mælist (6,5) 7 (7,5) sm.

Takið úr þannig:

1. umf.: Prjónið *1 sl, 2 sl. saman*. Endurtakið frá * til * og endið á (1) 3 (2) sl. = (27) 29 (30) lykkjur á prjóninum.

2. umf.: Slétt.

3. umf.: Prjónið *1 sl, 2 sl. saman*. Endurtakið frá * til * og endið á (0) 2 (0) sl. = (18) 20 (20) lykkjur á prjóninum.

4. umf.: Slétt.

5. umf.: Prjónið *1 sl, 2 sl. saman*. Endurtakið frá * til * og endið á (0) 2 (2) sl. = (12) 14 (14) lykkjur á prjóninum.

Slítið frá. Saumið vettlinginn saman. Prjónið annan vettling á sama hátt.

Frágangur:

Fitjið upp (174) 203 (232) lykkjur (frekar laust) á hringprjón nr. 3 og prjónið 5 pr. sl. fram og til baka. Fellið af.

Festið vettling í sitthvorn enda bandsins.



Skór

Stærðir:

(0) 3 (6) 12 mán.

Garn: Sisu (80% ull og 20% nælon)

Bleikt nr. 3911 eða 4513

Ljósblátt nr. 5930 eða 5904: 1 dokka í allar stærðir.

Prjónar/fylgihlutir:

Prjónar nr. 4,5

2 tölur

Prjónanælur

Prjónfesta:

18 lykkjur í garðaprjóni með tvöföldu garni á prjóna nr. 4,5 = 10 sm.

Fitjið upp (29) 33 (37) 41 lykkju með tvöföldu garni á prjóna nr. 4,5 og prjónið 2 umf. garðaprjón fram og til baka.

Aukið út í næstu umf. þannig: 1 sl. aukið út 1 l., (13) 15 (17) 19 sl., aukið út 1 l., 1 sl. aukið út 1 l. (13) 15 (17) 19 sl., aukið út 1 l. 1 sl. Prjónið 2 umf. sl.

Aukið út í næstu umf. þannig: 2 sl. aukið út 1 l. (13) 15 (17) 19 sl., aukið út 1 l., 3 sl., aukið út 1 l., (13) 15 (17) 19 sl., aukið út 1 l., 2 sl. = (37) 41 (45) 49 lykkjur.

Takið úr í næstu umf. þannig: Prjónið

(15) 17 (19) 21 sl., 2 snúnar sl. saman, 3 sl., 2 sl. saman, (15) 17 (19) 21 sl.

Prjónið 2 umf. sl.

Takið úr í næstu umf. þannig: Prjónið (15) 17 (19) 21 sl., 2 snúnar sl. saman, 1 sl., 2 sl. saman, (15) 17 (19) 21 sl.

Prjónið 3 umf. sl.

Takið úr í næstu umf. þannig: Prjónið (14) 16 (18) 20 sl., 2 snúnar sl. saman, 1 sl. 2 sl. saman, (14) 16 (18) 20 sl.

Prjónið 1 umf. sl.

Haldið áfram með þessa úrtöku með 1 lykkju færri sitt hvorum megin við úrtökuna á 2. hverri umf. þar til (23) 25 (27) 29 lykkjur eru eftir á prjóninum. Prjónið næstu umf. þannig: (11) 12 (13) 14 sl, aukið út 1 lykkju með því að prjóna 2 lykkjur í næstu lykkju, prjónið út umf. = (24) 26 (28) 30 lykkjur. Prjónið slétt til baka yfir lykkjurnar (12) 13 (14) 15, setjið síðustu lykkjurnar (12) 13 (14) 15 á prjónanælu.

Prjónið (8) 10 (12) 14 umf. sl. fram og til baka. Fellið af.

Prjónið (8) 10 (12) 14 umf. sl. fram og til baka yfir lykkjurnar af prjónanælu. Fellið af.

Prjónið annan skó á sama hátt.

Frágangur:

Saumið skóinn saman á sóla og í miðju að aftan.

Brjótíð kantinn mót réttu og festið eina tölu til skrauts.



Heklað teppi úr

Lanett

Mál á teppi:

75 x 94 sm

Garn: Lanett (100 % merinóull)

Fjólublátt 4622: 7 dokkur

Hvítt 1001: 4 dokkur

Ljósgrátt 1032: 4 dokkur

Athugið! Teppið er prjónað með tvöföldum þræði af Lanett.

Heklunál:

Heklunál nr. 5 eða 5 ½

Athugið! Heklið alltaf í aftari lykkjuna, þá kemur sama áferð á teppið eins og myndin sýnir. Ef heklað er í fremri lykkjuna eða báðar lykkjurnar breytist áferðin.

Fitjið upp 190 loftlykkjur.

Munstur:

1. umferð: *Heklið 9 fastapinna, heklið 3 fastapinna í næstu lykkju, heklið 9 fastapinna, hoppið yfir 2 lykkjur*. Endurtakið frá * til * út umferðina, snúið við og heklið 1 loftlykkju.

2. umferð: *Heklið 9 fastapinna, hoppið yfir 2 lykkjur, heklið 9 fastapinna, heklið 3 fastapinna í næstu lykkju*. Endurtakið frá * til * út umferðina, snúið við og heklið 1 loftlykkju.

ATH! Passið uppá lykkjufjöldann í endunum. Í byrjun umferðar er farið ofan í 2 fastapinnann, þar sem loftlykkjan er 9 fastapinninn í enda svo að kantarnir haldist beinir upp allt teppið.

Rendur:

8 umferðir fjólublátt

6 umferðir hvítt

4 umferðir ljósgrátt

4 umferðir fjólublátt

4 umferðir ljósgráttgrátt

6 umferðir hvítt

8 umferðir fjólublátt

Endurtakið 1. og 2. umferð til skiptis og gerið jafnframt rendur eins og segir hér að ofan. Stoppið þegar þið hafið endurtekið rendurnar í 3 skipti.

Klippið endann frá og gangið vandlega frá öllum lausum endum.

Prjónað teppi úr

Lanett

Mál á teppi:

U.þ.b. 71 X 106 sm

Garn: Lanett (100% merinóull)

Hvítt 1001: 10 dokkur

Athugið! Teppið er prjónað með tvöföldum þræði af Lanett.

Prjónar:

Prjónar nr. 4

Prjónfesta:

20 lykkjur munstur á prjóna nr. 4 = 10 sm

Munstur:

6 lykkjur sléttar, 6 lykkjur brugðnar 7 umferðir.

6 lykkjur brugðnar, 6 lykkjur sléttar 7 umferðir.

Fitjið upp 144 lykkjur á prjóna nr. 4 og prjónið 12 umferðir slétt (6 garðar). Fyrstu og síðustu 6 lykkjurnar eru alltaf prjónaðar sléttar (garðar), þannig að garðaprjónskantur myndast utan um allt teppið.

Prjónið munstur, það eiga að koma 40 ferningar á lengdina. Þegar búið er að prjóna 40 ferninga eru prjónaðar 12 umferðir slétt (6 garðar). Fellið af. Klippið á þráðinn og gangið vel frá öllum endum.



Jakki

Stærðir:

(½) 1 (2) 4 ára.

Mál á jakka:

Yfirviðd: (52) 59 (67) 74 sm.

Sídd: (27) 31 (35) 40 sm.

Ermalengd: (17) 20 (23) 26 sm.

Garn: Mandarin Petit (100% bómull)

Ferskjubleikt nr. 4007: 2 dokkur í allar stærðir.

Ljósbleikt nr. 4301: 1 dokka í allar stærðir.

Blátt nr. 6015: 1 dokka í allar stærðir.

Ljósbrúnt nr. 2431: 1 dokka í allar stærðir.

Gult nr. 2003: 1 dokka í allar stærðir.

Brúnt nr. 3572: 1 dokka í allar stærðir.

Prjónar:

Hringprjónar og sokkaprjónar nr. 2,5 og 3.

Heklunál nr. 2,5.

Fylgihlutir:

(5) 5 (6) 6 tölur.

+ 2 litlar tölur fyrir miðju á blómi.

Prjónanætur.

Prjónfesta:

27 lykkjur í sléttu prjóni á prjóna nr. 3 = 10 sm.

Rendur í sléttu prjóni:

2 umf. gult, 2 umf. blátt, 3 umf. ljósbrúnt, 2 umf. ferskjubleikt, 3 umf. ljósbrúnt, 2 umf. blátt, 2 umf. gult, 4 umf. ljósbleikt, 2 umf. gult, 2 umf. ferskjubleikt, 2 umf. ljósbrúnt, 1 umf. brúnt, 2 umf. ljósbrúnt, 2 umf. ferskjubleikt, 2 umf. gult, 4 umf. ljósbleikt, 2 umf. ferskjubleikt. Endurtakið frá * til * alla peysuna.

Bolur:

Fitjið upp (140) 160 (180) 200 lykkjur með ferskjubleiku á hringprjóna nr. 2,5 og prjónið 3 sm. stroff, 1 sl. 1 br. Skiptið yfir á hringprjóna nr. 3 og prjónið rendur í sléttu prjóni (sl. á réttu, br. á röngu). Prjónið þar til bolurinn mælist (15) 18 (21) 25 sm. Skiptið bolnum í fram- og bakstykki frá réttunni þannig: Prjónið (30) 35 (40) 45 lykkjur (= hægra framstykki), fellið af 7 lykkjur, prjónið (66) 76 (86) 96 lykkjur (= bakstykki), fellið af 7 lykkjur, prjónið (30) 35 (40) 45 lykkjur (= vinstra framstykki). Prjónið hvert stykki fyrir sig.